



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sent í umsagnargátt Alþingis: umsagnir.althingi.is

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, 830. mál (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.).

Með tölvupósti 25. mars 2024 sendir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, 830. mál. Umsagnarfrestur var framlengdur til 15. apríl 2024.

Frumvarpið er samið í innviðaráðuneytinu og hefur verið til umfjöllunar í Samráðsgátt stjórnvalda og Vegagerðin tækið þátt í umfjöllun um frumvarpið á vinnslustigi fyrir framlagningu þess á Alþingi. Í frumvarpinu er fjallað um heimild til gjaldtöku, s.k. eldisgjald, fyrir eldisfisk í sjókvíum og ákvæði um rafræna vöktun í höfnum en hvort tveggja hefur áður komið til umfjöllunar. Til viðbótar eru lagðar til ýmsar breytingar og má þar nefna tilfærslu verkefna frá Samgöngustofu til Vegagerðarinnar auk þess sem veitt er heimild til þess að setja ákvæði í hafnareglugerð um afmörkun tiltekinnna hafnarsvæða. Einnig má nefna kærurheimild til Samgöngustofu vegna gjaldskrárbreytinga hafna sem tengjast rekstri þeirra. Loks er lögð til lagatæknileg breyting þar sem ákvæði laga um Vaktstöð siglinga nr. 41/2003 um hafnsögu eru færð í hafnalög.

#### Afmörkun hafnarsvæða, breyting á 4. gr.

Í 4. gr. laganna er að finna ákvæði sem mælir fyrir um sett skuli reglugerð um hverja höfn þar sem m.a. skal kveðið á um stærð og takmörk hafnarsvæðis. Lagt er til í frumvarpinu að lögfest verði að afmarka skuli sérstaklega fjögur svæði í stað eins hafnarsvæðis skv. gildandi lögum. Afmarka ber skipulagssvæði hafnar sem jafnframt telst mengunarlögsaga hafnarsvæðis, hafnsögusvæði, þjónustusvæði og hafnarsvæði farþegaskipa. Þessi svæði skulu afmörkuð með baughnitum. Eigendur hafna skulu skv. ákvæði til bráðabirgða ljúka við þessa afmörkun eigi síðar en 1. janúar 2025.

#### Lágmarkskröfur um hafnamannvirki, slysavarnir og staðfestingu á fjármögnun, 6. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Mælt er fyrir um það í gildandi lögum að öll mannvirkjagerð í höfnum skuli vera í samræmi við gildandi skipulag og uppfylli lágmarkskröfur um styrkleika mannvirkja og öryggi notenda hafnanna og er það hlutverk Samgöngustofu að framfylgja því ákvæði. Lagt er til í frumvarpinu að Vegagerðin taki við þessu hlutverki og er stofnunin fylgjandi þeirri tillögu þar sem sú skipan mála er í bestu samræmi við verkefni stofnananna að öðru leyti. Þau verkefni sem hér

Síða 1/2

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

um ræðir falla vel að verkefnum stofnunarinnar og er ekki þörf teljandi breytinga á starfsemi hennar verði frumvarpið að lögum.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að notendum hafna verði heimilt að kæra „ákvæðanir hafnarstjórna samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sem varða rekstur hafna og gjaldtöku er tengist honum, til Samgöngustofu.“ Vegagerðin gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við kærueheimildina að öðru leyti en því að skýra þyrfti nánar tiltekið til hvaða ákvæðana sem varða rekstur hafna kæruehimild nær til. Telja verður ákvæðið eins og það er til þess fallið að valda vafa í framkvæmd.

Vegagerðin gerir ekki að öðru leyti athugasemdir við frumvarpið.

Síða 2/2

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Arndís Arnalds  
Framkvæmdastjóri Mannvirkjasviðs

Undirskrift



Vegagerðin